

# Fréttabréf UMSE

2. tbl. 26. Árgangur 2011



## Frá Formanni UMSE

*Ágætu ungmennafélagar*

Nú styttest í stærstu og skemmtilegustu fjölskylduhátíðina í ár, unglíngalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina. Keppnisgreinar á mótinu eru opnar fyrir alla á aldrinum 11-18 ára en allir fjölskyldumeðlimir geta þó fundið eitthvað við sitt hæfi því austfirðingar hafa sett saman glæsilega dagskrá þar sem úr nógu er að velja frá fimmtudegi til sunnudags. UMSE mun að sjálfsögðu fjölmenna á mótið eins og undanfarin ár og á tjaldsvæðinu verðum við með samkomutjald sem verður okkar bækistöð og þar verður að sjálfsögðu mesta fjörið. Ég hvet ykkur félagar góðir til að mæta með fjölskylduna austur á Hérað um verslunarmannahelgina því þar mun hin sanni ungmennafélagsandi svífa yfir vötnum. Kynntu þér dagskrána á [www.ulm.is](http://www.ulm.is) og láttu sjá þig, því maður er manns gaman. *Íslandi allt*

*Óskar Þór Vilhjálmsson*



## Þorvaldsdalsskokkið

Þorvaldsdalsskokkið fór fram 2. júlí í afbragðsveðri og tókst vel. Veðrið lék við þátttakendur og þótti sumum nóg um að berjast við vegleysur Þorvaldsdals í hitanum. Fjörtíu og einn hlaupari hóf leik og skiluðu 38 þeirra sér í mark.

Sigurvegari ársins, Björn Margeirsson, bætti jafnframt metið sem hann sjálfur setti í fyrra og kom í mark á tímanum 1:51:55. Stefán Viðar Sigtryggsson varð annar á tímanum: 2:10:16 og Keith Fogg varð þriðji á tímanum 2:10:22.

Rannveig Oddsdóttir, sigurvegari í kvennaflokki, var nálægt því að slá metið í kvennaflokki í sínu öðru

Þorvaldsdalsskokki. Rannveig kom í mark á tímanum 2:22:24. Í öðru sæti varð Rakel Heiðmarsdóttir á tímanum 2:56:55 og þriðja varð Sigríður Gísladóttir á tímanum 2:58:13.



## Landsmótssjóður UMSE

Fyrri úthlutun þessa árs úr Landsmótssjóðnum fór fram í byrjun júní. Að þessu sinni hlutu styrki úr sjóðnum:

-Golfklúbburinn Hamar kr. 75.000.- vegna innanhússæfingaaðstöðu

-Golfklúbburinn Hamar kr. 50.000.- vegna Golfævintýrið í Svarfaðardal

-Ungmennafélagið Æskan kr. 50.000 vegna kaupa á hástökkisdýnu

-Ungmennafélagið Reynir 125.000.- vegna afmælisútgáfu Helga Magra

Næsta úthlutun úr sjóðnum fer fram 1. nóvember og skal umsókn í sjóðinn berast fyrir 1. október. Hægt er að senda umsókn á tölvupósti til umse@umse.is.

## Landsmót Hestamanna

Nokkrir keppendur voru frá Hestamannafélaginu Funa og Hestamannafélaginu Hring á Landsmóti Hestamanna sem fram fór daganna 26. júní - 3. júlí á Vindheimamelum í Skagafirði. Hér kemur árangur þeirra á mótinu.

### A flokkur

Frá Hestamannafélaginu Hring, Stefán Friðgeirsson og Dagur frá Strandarhöfði með einkunnina 8,37 í 19. sæti.

Frá Hestamannafélaginu Funa, Stefán Birgir Stefánsson og Tristan frá árgerði með einkunnina 8,37 í 33. sæti

### B flokkur

Frá Hestamannafélaginu Hring, Bergþóra Sigtryggsdóttir og Emma frá Jarðbrú með einkunnina 8,05 í 93. sæti.

Frá Hestamannafélaginu Funa, Anna Sonja Ágústsdóttir og Hrafninn frá Kálfagerði með einkunnina 7,89 í 98. sæti.

### Unglingaflokkur

Frá Hestamannafélaginu Hring, Anna Kristín Friðriksdóttir og Glaður frá Grund með einkunnina 8,51 2. sæti í B-úrslitum (10 sæti).

Frá Hestamannafélaginu Funa, Örn Ævarsson og Askur frá Fellshlíð með einkunnina 8,15 í 58. sæti.

### Barnaflokkur

Frá Hestamannafélaginu Hring, Þorri Mar Þórisson og Ósk frá Hauganesi með einkunnina 8,16 í 6. sæti í B-úrslitum (13. sæti).

Frá Hestamannafélaginu Hring, Hjörleifur Helgi Sveinbjarnarson og Dalvíkingur frá Dalvík með einkunnina 7,84 í 55. - 56. sæti.

## Upplýsingar vegna Unglingalandsmóts UMFÍ

Um verslunarmannahelgina fer fram Unglingalandsmót UMFÍ. Hátíðin verður á Egilsstöðum að þessu sinni og í umsjón UÍA. Dagskrá hátíðarinnar verður að venju vegleg og ættu allir fjölskyldumeðlimir að finna eitthvað við sitt hæfi. Keppnisgreinar eru dans, fimleikar, frjálsar íþróttir, glíma, golf, hestaíþróttir, motocross, knattspyrna, körfubolti, skák og sund.

Keppnisgjaldið er 6.000.- kr. á hvern keppanda, óháð þátttöku í greinum. Innifalið í því er allt sem við kemur mótinu, keppni, tjaldstæði og allir viðburðir. Skráning í mótið fer fram á heimasíðu mótsins [www.ulm.is](http://www.ulm.is). Skráningin er opin til og með sunnudeginum 24. júlí. Keppendur sjá um að skrá sig sjálfir og greiða þátttökugjöldin. Nýjung í skráningarkerfi mótsins er að hægt er að greiða þátttökugjaldið í gegnum vefinn. Einnig verður hægt að greiða þátttökugjöldin þegar keppnisgögn eru sótt. Skrifstofa UMSE mun svo fylgjast með skráningunni og aðstoða þá sem lenda í vandræðum (868-3820 eða [umse@umse.is](mailto:umse@umse.is)). Þeir sem hafa áður keppt á mótinu þurfa skrá sig á skráningarsíðuna með sama hætti og áður en þeir sem eru að fara í fyrsta skipti þurfa að fara í gegnum nýskráningarferli.

Undanfarin ár hefur UMSE verið með stórt samkomutjald á tjaldevæði okkar. Á því verður engin breyting að þessu sinni. Þar munum við standa fyrir samkomum og upplýsingafundum fyrir

okkar lið. Þá munum við bjóða til grillveislu fyrir keppendur og aðstandendur þeirra. Grillveislan verður keppendum að kostnaðarlausu. Aðstandendur, eldri en 18 ára, munu þurfa að greiða 1.000.- kr. á mann en fyrir aðra verður frítt. Á samkomum okkar í samkomutjaldinu er venja að bjóða upp á kaffi, kakó og eitthvað brauð. Við viljum endilega biðja fólk um það baka smáræði og leggja það í púkkið fyrir þessa samkomur. Við munum gefa út samskonar upplýsingabækling og í fyrria, þar sem birt verða nöfn okkar keppenda, helstu upplýsingar um okkar tjaldevæði, dagskrá og tengiliðaupplýsingar fyrir okkar fólk.

Það er okkur mikilvægt að allir taki þátt í skrudgöngunni við setningarhátíðina og klæðist félagsgalla UMSE. Þeim sem ekki eiga galla og geta ekki orðið sér sjálfir út um galla að láni, munum við aðstoða við að fá lánaðan galla. Mikilvægt er að fólk hafi fyrirvara um það og hafi samband í tíma. Á síðasta móti var hópur UMSE mjög áberandi og birtar myndir af hópnum í helstu fjölmiðlum landsins.

Þeir sem tóku þátt með okkur í fyrria voru flestir sammála um það vel hefði tekist til að halda utanum hópinn og er það líklega vegna þess að marga hendur vinna létt verk. Mikill samhugur var í fólki og allir tilbúnir að taka þátt.

Við vonumst til þess að sjá sem flesta á mótinu til þess að taka þátt í gleðinni með okkur.

## UMSE fatnaður

Hægt er að panta UMSE gallann hjá skrifstofu UMSE. Gallinn er seldur á kostnaðarverði. Gallinn er svo afgreiddur um leið og framleiðandi stendur skil á honum og er afgreiðslufrestur mjög mismunandi.

Enn eru til hjá okkur frjálssþróttakeppnisbúningarnir. Þeir eru til í flestum stærðum meðan birgðir endast. Verð búningsins er 2.000.- kr. á hverja flík.

Hlífðarjakkar merktir UMSE eru einnig til sölu á skrifstofunni. Þeir eru bláir að lit, með merki UMSE á brjóstinu. Þeir eru til í stærðum S til XXL.

Þá eigum við einnig buff merkt UMSE til sölu hjá okkur.

Nánari upplýsingar gefur framkvæmdastjóri UMSE.



*Skrifstofa UMSE er opin á þriðjudögum kl.13:00-16:00 og á föstudögum kl.11:00-16:00.*

*Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir fyrsta þriðjudag hvers mánaðar.*

Útgefandi:

Ungmennasamband Eyjafjarðar

Óseyri 2, 603 Akureyri.

Veffang: [www.umse.is](http://www.umse.is)

Tölvupóstur: [umse@umse.is](mailto:umse@umse.is)

Ábyrgðarmaður: Þorsteinn Marínósson